

## 54. Stjórnarfundur Nýheima 23. 9. 2015 kl. 8:00

Fundarstjórn: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Kristín Hermannsdóttir

Forfölluð: Fanney Björg Sveinsdóttir, Olga Ingólfssdóttir og Nína Sybil Birgisdóttir

Mættir: Davíð Arnar Stefánsson, Vala Garðarsdóttir, Helga Árnadóttir, Vilhjálmur

Magnússon, Hrafnkell Guðnason, Þorvarður Árnason og Ragnhildur Jónsdóttir auk fundarstjóra og ritara.

Niðurstaða fundar:

- Upptaka ráðningarsamnings verkefnastjóra. Davíð sat fundinn ekki undir þessum lið. Eyjólf fi falið að ganga frá málinu.
- Ársfundur Kirkjubæjarstofu 15. október kl. 13:00 – 17:00  
Þema fundarins er efling mennta- og menningarstofnana á Miðsuðurlandi. Óskað hefur verið eftir erindi frá Nýheimum. Fundarmenn taka vel í það að vera með erindi. Eyjólfur, Ragnhildur og Þorri munu taka það að sér. Vala er líka tilbúin að vera með erindi um fornleifarannsóknir. Rætt um að öll stjórnin fari á Klaustur snemma morguns og hitti fólk að máli þar fyrir hádegi og taki þátt í ársfundinum eftir hádegi. Davíð mun setja sig í samband við þá aðila á Klaustri sem vilji er til að hitta.
- Vísindadagar FAS 28. – 30. Október  
Eyjólfur kynnti hugmynd að vísindadögum og samstarf við starfsmenn og stofnanir í Nýheimum. Nemendur munu velja sér verkefni í samráði við þá aðila sem eru tilbúnir til samstarfs. Verkefnin snúast um að afla upplýsinga, vinna úr þeim og kynna niðurstöður. Stofnanir Nýheima þurfa að setja upp innan hvaða ramma verkefnin geta rúmast og þá mun FAS para saman kennara og starfsmenn stofnananna. Þeir starfsmenn í Nýheimum sem geta tekið þátt setja sig í samband við Eyjólf. Fundarmenn reifuðu margar verkefnahugmyndir.

Önnur mál.

Þorri spurði um endurtækjavæðingu Nýheima og einkum þá tæki í fundarsal. Málið var rætt fyrir nokkuð löngu og tilboða leitað. Málið strandaði þá á kostnaðarskiptingu. Skoða þarf endurnýjun á skjávarpa og hljóðkerfi í fundarsal hið minnsta, en einnig þarf að skoða hljóðkerfi í miðrymi Nýheima. Áður en óskað verður eftir nýjum tilboðum þarf ramminn að vera skýr, bæði fjármál og tækjaþörf. Vilhjálmur og Davíð munu skoða málið.





Vilhjálmur verður með formlega opnun á FAB-Lab í næstu viku – síðdegis miðvikudag 30. sept. Allir hvattir til að mæta.

Eyjólfur ræddi um flokkun sorps í Nýheimum. Hugmynd að setja upp fjórar ruslatunnur á þrjá staði í húsinu auk vasks í miðrými. Í tunnurnar fer flokkað sorp, óflokkað sorp, pappír og flöskur/dósir. En huga þarf að því hvert flokkaða sorpið fer, svo flokkunin sé ekki til einskis. Einnig er vilji til að skoða hvort hægt sé að flokka lífrænt sorp. Eyjólfur mun halda áfram að vinna í málinu og ræða við Björn Imsland þegar niðurstöður verða komnar.

Rætt um steinasafn Þorleifs Einarssonar sem er í varðveislu FAS. Það verður sett upp í glerskápa á annarri hæð Nýheima en einnig er hægt að setja gripi í glerskáp sem er í eigu Menningarmiðstöðvar. Kristín mun vinna í málinu í samráði við FAS og Völu.

Vilhjálmur sagði frá vefstól sem Vöruhúsinu var gefinn. Það vantar húsnæði undir hann. Villi og Vala munu leysa málið.

Ragnhildur minnti á ráðstefnu um samspl menntunar og atvinnulífs sem haldin verður í dag í Nýheimum. Hvatti alla til að mæta.

Eyjólfur sagði frá fundi sem hann fór á þar sem rætt var um samvinnu Fjarmenntaskólans og Kvasis - Neti símenntunarmiðstöðva.

Davíð leggur til að ræða nýja starfsáætlun á næsta stjórnarfundi. Mikilvægt að sem flestir geti verið á þeim fundi. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 9:33.